273.00

Haganeskrapen

EKAHA

Best.-Nr. 2150 liniert 96 Bl.

EKAHA - EKAHA - EKAHA - EKAHA

Gjörðabók

bygginga og skipulags-
málanefndar Haganeshrepps
Skagafjarðarsýslu.

Fundargjörð.

Ár 1986 fimmtudaginn 24. júlí kom nýkjörin byggingar og skipulagsmálanefnd Haganeshrepps Skag. saman til fundar að Sólgörðum. Einnig voru mætt Viktoría Gestsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Ingvar Gýgjar Jónsson byggingafulltrúi

Formaður Jóhannes Runólfsson setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Tekið var fyrir bréf dagsett 2.3.86 frá Guðrúnu Hjörleifsdóttur formanni heilbrigðisnefndar Siglufjarðar varðandi umsókn um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Fljótalax h/F. þar sem óskað er eftir umsögn byggingar.

Fundurinn telur sjálfsagt að mæla með að Fljótalax h/f fái fullnægjandi starfsleyfi, enda var byggingaleyfi veitt með það fyrir augum.

2. Tekin var fyrir umsókn frá Fljótalax h/f um viðbygginu við laxeldisstöð. Teikningar meðfylgjandi frá Hönnum h/f. Umsóknin samþ. Byggingaleyfi veitt

3. Tekin var fyrir umsókn frá Georg Hermannssyni Ysta-Mói um byggingu bátaskýlis Umsóknin er dagsett 20.7. '84, en teikn. hafa ekki enn borist og því hefur ekki verið hægt að afgreiða hana, en nú mun vera búið að gera teikningar af

bátaskýlinu. Byggingarnefndin upplýsti að Georg væri búin að steypa grunnin að skýlinu og ítrekar að teikningar verði lagðar fram nú þegar.

4. Samkvæmt ósk Gísla Felixsonar rekstrarstjóra Vegagerðar ríkisins fór Jóhannes Runólfsson form. byggingarnefndar og skipulags-nefndar og Ingvar Gýgjar Jónsson byggingafulltrúi með Gísla að Laugalandi þann 11/7. '86 og skoðuðu útmælingu á veg-stæði heim að Laugalandi. Samþykktu þeir vegstæðið með með fyrirvara um samþykki annara bygginga og skipulags-nefndarmanna.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingvar Gýgjar Jónsson Jóhannes Runólfsson.
Viktoría S. Gestsdóttir Örn Þórarinsson
Jónmundur Pálsson

# Fundargjörð

Ár. 1986 mánudaginn 3. nóv.
Komu undirritaðir byggingar og
skipulagsnefndarmenn Hofsneshr.
saman til fundar, ásamt byggingar-
fulltrúa á skrifst byggingarfltr.
að Sæmundargötu 7.a. Sauðárkr.

Formaður Jóhannes Runólfsson
setti fundinn og stjórnaði honum

1. Umsókn frá Georg Hermannssyni
um byggingu bátaskýlis (sjá fundargj.
frá 24. júlí, '86.) Tilskilin teikn. hefur
borist og umsóknin samþ.

2. Umsókn frá Steinari Erna Eiríkssyni
Hólavegi 35 Siglufirði um leyfi
til að byggja sumarhús í landi
Akra öll tilskilin gögn liggja fyrir

nema skriflegt umsögn heilbrigðis-
fulltrúa, en munnlegt samþ. var
fengið í síma nú þegar þetta er
ritað. Umsóknin samþ. með fyrir-
vara um að skrifleg jákvæð umsögn verði
lögð fram, einnig að eldvarnareftirl.
samþ. teikn.

3. Umsókn frá Sverri Jónssyni
Laugarvegi 38 Siglufirði um
leyfi til að byggja sumarhús
í Landi Akra, Öll tilskilin gögn
láu fyrir, nema skriflegt umsögn
heilbrigðisfulltrúa, en munnlegt
samþ. var fengið í síma nú
þegar þetta er ritað. Umsóknin
samþ. með fyrirvara um að
skriflegt jákvæð umsögn verði
lögð fram. einnig að eldvarnar-
eftirlit samþ. teikninguna.

4. Umsókn frá Jóhannesi
Runólfssyni Reykjarhóli II,
um byggingarleyfi fyrir íbúðarh.
og sambyggðum bílskúr. Teikningar
meðfylgjandi gerð af Kjartani
Sveinssyni, dagsettar í ágúst 1985.
Fyrir liggur samþykki landeiganda
í kaupsamningi að jörðinni, dags.
26. mars 1982. Umsóknin samþ.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Örn Þórarinsson
Jóhannes Runólfsson.
Ingvar Gýgjar Jónsson.
Jónmundur Pálsson

Ath. Samþ. jarðareiganda vantar einnig
fyrir sumarhúsabygg. á Ökrum IGF

Fundargjörð

Ár 1987 Miðvikudaginn 29 Júlí komu undirritaðir byggingar og skipulagsnefndarmenn Haganeshr saman til fundar ásamt aðstoðar byggingarfulltrúa að Sólgörðum

Formaður Jóhannes Runólfsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Eftirfarandi mál tekin á dagskrá

1 Umsókn frá Elíasi Þorvaldssyni Forsvegi 17 Siglufirði um að byggja sumarhús í landi Langhúsa.
Með umsókninni fylgdu öll tilskilin gögn að undanskildu samþykki Skipulagsstjórnar Ríkissins.
Umsóknin samþykkt með fyrirvara um samþykki Skipulagsstjórnar Ríkissins.

2. Umsókn frá Magnúsi Eiríkssyni Fossvegi 14 Siglufirði um að byggja sumarhús í landi Reykjarhóls I með umsókninni fylgdu öll fylgiskjöl leifi að undanskildu samþykki Brunavarna Skagafjarðar og samþykki skipulagsstjórnar Ríkissins.
Umsóknin samþykkt með fyrirvara um að samþykki frá framangreindum aðilum berist.
3 Umsókn frá Jóhanni Rögnvaldssyni Hverfisgötu 6 Siglufirði um ~~að~~ stækkun sumarhúss að Móskógum. Öll gögn medfylgjandi umsókninni vantar eða eru ófullnægjandi að undanskildu leifi frá heilbrigðisfulltrúa og umsókninni því vísað frá vegna ófullnægjandi gagna.

4. Umsókn frá Fljótalaxi hf c/o Teitur Arnlaugsson um að byggja við laxeldisstöðina viðbygginguna svokallað loftunarhús og verkstæði. Umsókn fylgdu öll gögn nema samþykki heilbrigðisfulltrúa Skagafjarðarsýslu. Umsókn samþykkt með fyrirvara um samþykki heilbrigðisfulltrúa.

~~Fleira ekki fy~~
Að loknum fundi héldu undirritaðir að Langhúsum og Reykjarhóli I og mældu út fyrir sumarhúsum á báðum stöðum.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Örn Þórarinsson
Jóhannes Ríkharðsson.
Sigurður Haldórsson.